

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 13. desember 2013 kl. 10:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómtúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundarsambandi voru Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson og Hermann Jón Tómasson.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

Afgreiðslu fundargerða frá fundum ráðgjafarnefndar 26. október og 29. nóvember 2013 var frestað til næsta fundar nefndarinnar.

ENDURSKOÐUN Á GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN SJÓÐSINS 2013

Fjáráukalög 2013

Við 2. umræðu fjáráukalaga var lögbundna framlagið frá ríki sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs, hækkað á ný um 109,0 m.kr. í samræmi við endurmat á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs.

Með tilvísun til þessa voru lögð fram til kynningar endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2013. Þær breytingar sem gerðar voru á tekjuhlíð áætlunarinnar frá síðasta fundi eru eftirfarandi:

- Áætluð heildarframlög frá ríki hækka úr 16.345,0 m.kr. í 16.454,0 m.kr., eða um 109,0 m.kr.
- Áætlaðar ráðstöfunartekjur sjóðsins hækka því úr 34.406,0 m.kr. í 34.515,0 m.kr. eða um 109,0 m.kr.

Hvað gjaldahlíð áætlunarinnar varðar höfðu eftirfarandi breytingar verið gerðar á áætluninni í tengslum við hækkun framlaga frá ríki.

- Heildaráætlun bundinna framlaga hækkar úr 1.368,0 m.kr. í 1.370,0 m.kr. eða um 2,0 m.kr.
- Heildaráætlun framlaga vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts hækkar úr 3.081,4 m.kr. í 3.099,0 m.kr. eða um 17,6 m.kr.
- Heildaráætlun framlaga vegna húsaleigubóta hækkar úr 4.012,0 m.kr. í 4.023,8 m.kr. eða um 11,8 m.kr.
- Auk þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til verulega hækkun á heildargreiðslu útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins á árinu, þ.e. úr 5.350,0 m.kr. í 6.100,0 m.kr. eða um 750,0 m.kr.
- Áætluð heildarframlög og rekstrarkostnaður hækka því úr 33.912,0 í 34.694,0 eða um 782,0 m.kr.
- Með tilvísun til þessara hækkana lækkar eigið fé sjóðsins frá 31.12.2012 um 179,0 m.kr.

ENDURSKOÐUN Á GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN SJÓÐSINS 2014

Fjárlög 2014

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir breytingatillögur við framvarp til fjárlaga 2014 þar sem fram kemur að lögbundið framlag frá ríki í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækkar um 81,0 m. kr. á árinu 2014.

Endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2014 verður lögð fram þegar vitað er hvernig hækkunin skiptist milli 2,12% framlagsins frá ríki og framlagsins sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars fyrir næstliðið tekjuár. Fyrst þá verður hægt að endurskoða einstök framlög sjóðsins.

LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

Skil á ársreikningum 2012

Á grundvelli ákvæða í síðustu málsgrein 6. gr. reglugerðar nr. 960/2010 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hefur verið óskað eftir því að landshlutasamtök sveitarfélaga skili inn ársreikningum fyrir árið 2012. Fimm samtök af átta hafa skilað inn ársreikningum sínum.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að ákvæði um skil landshlutasamtaka á ársreikningum væri fylgt eftir.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Á síðasta fundi nefndarinnar var greint frá áformum meðlagsgreiðenda um að gera greiðsluhlé á meðlögum í desember og gætu þau áform haft aukin áhrif á fjárþörf Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2013.

Að sögn forstjóra stofnunarinnar lítur út fyrir að ekki hafi verið mikil þátttaka í þeim aðgerðum og staðfestir hann áætlaða fjárþörf stofnunarinnar á árinu 2013 að fjárhæð 850,0 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Sérstakt framlag vegna skerðingar á jöfnunarframlögum

Akureyrarkaupstaður

Á grundvelli e- liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga er greitt sérstakt framlag vegna skerðingar á jöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar sveitarfélaga.

Frá árinu 2010 hefur Akureyrarkaupstaður fengið slíkt framlag vegna sameiningar sveitarfélagsins og Grímseyjarhrepps. Í ár nemur áætluð skerðing tekjujöfnunarframlags 79.461 kr. að teknu tilliti til neysluverðsvísitölunnar í nóvember. Hvað útgjaldajöfnunarframlögin varðar nemur skerðing framlaganna í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna 2.279.985 kr. að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins til greiðslu framlaganna á árinu. Samtals nemur því áætlað framlag á árinu 2.29.875 kr. vegna skerðingar á jöfnunarframlögum sjóðsins í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna. Framlagið verður tekið til endurskoðunar þegar neysluverðsvísitalan í desember liggur fyrir.

Á yfirliti kemur fram að framlag vegna skerðingar tekjujöfnunarframlaga nemur 79.461 kr. og 2.279.875 kr. vegna skerðingar á útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningarinnar. Þegar neysluverðsvísitalan fyrir desember liggur fyrir verður framlagið uppreiknað.

Framlag vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnýslu

Á grundvelli f- liðar 1. gr., sbr. c- lið 3. gr. reglnanna nr. 295/2003 eru greidd framlög í allt að 5 ár til endurskipulagningar stjórnýslu og þjónustu í nýju sveitarfélagi. Við tillögugerð ráðgjafarnefndar að úthlutun framlaga til sveitarfélaga, er sameinuðust á grundvelli átaks til eflingar sveitarstjórnarstigsins samþykkti nefndin að leggja til að greiðslutilhögun á samþykktu framlagi yrði sem hér segir: Á fyrsta ári 30%, á öðru ári 30%, á þriðja ári 25%, á fjórða ári 10% og á fimmta ári 5%.

Skil á greinargerð um framgang áforma um endurskipulagningu þjónustu og stjórnýslu á árinu er forsenda þess að framlag ársins komi til greiðslu. Lagðar voru fram til kynningar greinargerðir frá þeim sveitarfélögum er sameinuðust á árunum 2009 til 2013. Á grundvelli þeirra samþykkti nefndin eftirfarandi tillögum um úthlutun framlags.

- Akureyrarkaupstaður 1.050.000 kr. Um lokagreiðslu framlags er að ræða.
- Hörgársveit 6.385.000 kr.
- Húnaþing vestra 8.500.000 kr.
- Garðabær 16.000.000

FRAMLAG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Grundarfjarðarbær

Umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Á fundi ráðgjafarnefndar 29. nóvember sl. var greint frá því að á grundvelli b - liðar, 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, hafi verið óskað eftir því við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga að nefndin gæfi umsögn sína um beiðni Grundarfjarðarbæjar um viðbótarframlag að fjárhæð 3,4 m.kr. vegna kostnaðar við úttekt á rekstri sveitarfélagsins.

Formleg umsögn Eftirlitsnefndarinnar hafði ekki borist. Nefndin samþykkti því að leggja til að frekari umræðu um beiðni sveitarfélagsins væri frestað.

FRAMLAG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Uppgjör 2013

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 12. júní sl. tillögu að uppgjóri framlaga vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts, samtals að fjárhæð 3.149,5 m. kr. Að teknu tilliti til endurskoðaðrar greiðslu- og rekstraráætlunar sjóðsins fyrir árið 2013, sbr. umfjöllun hér að framan, nemur ráðstöfunarfjármagn til greiðslu framlaganna 3.099,0 m.kr. á árinu eða sem nemur 30% af 2,12,% framlaginu frá ríki. Með tilvísun til þessa hefur því verið um ofgreiðslu framlaga að ræða að fjárhæð 50,5 m.kr.

Nefndin samþykkti að leggja til að í stað þess að fram fari innheimta á ofgreiðslu framlaga hjá viðkomandi sveitarfélögum á árinu 2013 komi til lækkunar á áætluðu framlagi ársins 2014 sem ofgreiðslu á árinu 2013 næmi enda lægi fyrir að lögbundnu framlögin frá ríki á árinu 2014 mundu hækka um 81,0 m.kr. og skerðing framlaga ársins því verða óveruleg.

Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að uppgjör framlaganna frá 12. júní sl., samtals að fjárhæð 3.149,5 m.kr. yrði óbreytt.

FRAMLÖG VEGNA ALMENNRA HÚSALEIGUBÓTA

Greiðslufyrirkomulag – Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Þann 1. janúar 2013 tók gildi reglugerð nr. 1205/2012 um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum. Með breytingunni á reglugerðinni, sem einkum nær til tekjuskerðingarmarka, tekjuskerðingarhlutfalls og grunnfjárhæðar bótanna, voru stigin fyrstu skref í átt að nýju húsnæðisbótakerfi sem stendur til að innleiða í áföngum. Til að standa straum af öllum þeim kostnaði sem af reglugerðarbreytingunni hlytist fékk Jöfnunarsjóður viðbótarframlag á fjárlögum ársins 2013 að fjárhæð 1.000,0 m.kr.

Á kynningarfundum, sem haldinn var í velferðarráðuneytinu 29. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð ráðuneytisins kom fram beiðni frá sveitarfélögum um að greiðslur vegna almennra húsaleigubóta bærust oftast en ársfjórðungslega, þ.e. að fram færu innborganir inn á framlög vegna ársfjórðungsins.

Í ársbyrjun 2013 tók gildi ný reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, nr. 150/2013. Í reglugerðinni er kveðið á um ársfjórðungslegar greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði. Greiðslurnar skulu inntar af hendi eigi síðar en 20 dögum frá lokum ársfjórðungs, þ.e. 20 apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar. Inn í síðasta málslið 1. málsgreinar, 3. gr. reglugerðar, nr. 150/2013 var sett inn heimild sem hljóðar svo: *Heimilt er að greiða sveitarfélögum mánaðarlega innborgun inn á áætlað framlag ársfjórðungsins.*

Heimildin um fjölgun greiðslna innan ársins hafði ekki verið nýtt á árinu 2013 en í ljósi þess að innleiðing á nýju húsnæðisbótakerfi færi einnig fram á árinu 2014 með auknum greiðslum sveitarfélaganna samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að óskað væri eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjölgun greiðslna framlaga vegna almennra húsaleigubóta innan ársins.

Umsögn Sambandsins, dags. 9. desember 2013, var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu á fundinum. Í umsögninni kemur fram það mat Sambandsins að eðlilegt skref í innleiðingu á nýju húsnæðisbótakerfi „sé að greiðslur sjóðsins færast nær því að endurspeglu þann samtímastuðning sem sveitarfélögin sjá um að veita.“ Sambandið telur því æskilegt að framangreind heimild í reglugerðinni verði nýtt til fulls.

Með tilvísun til umsagnar Sambandsins samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að greiðslur vegna almennra húsaleigubóta muni berast sveitarfélögum mánaðarlega en uppgjör þeirra eftir sem áður fara fram ársfjórðungslega.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Breyting á 12. gr. reglugerðar nr., 960/2010 vegna ársins 2014

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á grundvelli samþykktar ráðgjafarnefndar var með bréfi, dags. 19. nóvember 2013, óskað umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að breytingu á 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010 með síðari breytingum hvað viðmiðunarflokka við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014 varðar í tengslum við sameiningu Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar.

Breytingin tæki mið af því að Garðabær, nýsameinað sveitarfélag, mundi áfram falla undir þann viðmiðunarflokk framlaganna þar sem sveitarfélagið hefði verið áður í stað þess að færast upp í viðmiðunarflokk með sveitarfélögum sem væru með 14.450 íbúa og fleiri. Með því væri dregið úr verulegri aukningu á tekjujöfnunarþörf stóru sveitarfélaganna þar sem Garðabær væri með mun hærri meðaltekjur á íbúa en önnur sveitarfélög í þeim viðmiðunarflokki. Þannig mundi einnig innbyrðis jafnvægi í úthlutun framlaganna haldast nokkuð óbreytt.

Á fundinum var lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins, dags. 10. desember 2013. Í umsögn Sambandsins er farið yfir tilefni reglugerðarbreytingarinnar og áhrif breytingarinnar innan hvers flokks sveitarfélaga með hliðsjón af skatttekjum allra sveitarfélaga á íbúa samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2012.

Að teknu tilliti til íbúafjölda Garðabæjar, sem er nú orðinn 14.100 í kjölfar sameiningarinnar og íbúafjölda Reykjanesbæjar, sem nú er orðinn 14.450, er að mati Sambandsins erfitt að rökstyðja það að þessi tvö sveitarfélög verði í sitthvorum viðmiðunarflokknum við útreikning tekjujöfnunarframlaga sjóðsins jafnvel þó að tekjujöfnunarþörf einstakra sveitarfélaga í efri flokknum muni aukast til muna enda þar um að ræða sveitarfélag með þriðju lægstu skatttekjur allra sveitarfélaga á íbúa.

Í niðurstöðu umsagnar segir: *Samband íslenskra sveitarfélaga telur með vísan til framangreindra sjónarmiða að ekki séu nægilegar ástæður til að breyta reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum.*

Þar sem fundur ráðgjafarnefndar og stjórnarfundur Sambandsins bera upp á sama dag hefur Sambandið sent umsögn sína um drög að breytingu á 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010 með síðari breytingum, með fyrirvara um samþykki stjórnarinnar.

Ráðgjafarnefnd ákvað að fresta frekari umræðu um umsögn Sambandsins til næsta fundar enda lægi formleg ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga ekki fyrir.

Tillaga að uppgjöri ársins 2013

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 20. september sl. var lögð fram til umfjöllunar tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2013.

Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Við útreikning framlaganna á grundvelli hámarkstekjumöguleika sveitarfélaga eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2013, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
- Hámarksálagning útsvars er 14,48%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,95% vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2013 vegna álagningar 2012 er því 12,76%.
- Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a-lið 0,625%, skv. b-lið 1,320% og skv. c-lið 1,65%
- Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að fjárhæð 3.149,5 m.kr.
- Tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjaldi eru teknar með í útreikningi á hámarkstekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á meðaltekjum í viðkomandi flokki.
- Heimilt er að úthluta tekjujöfnunarframlagi sem hækkar sveitarfélög upp í allt að 97% af meðaltekjum viðkomandi viðmiðunarflokks.
- Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa er meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Sú aðgerð leiðir til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópsins.
- Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir og að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins er lagt til að sveitarfélög verði hækkuð upp í 94,5% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki og að endurskoðuð tillaga að úthlutun framlaganna á árinu nemi samtals 1.244.230.000 kr. Að teknu tilliti til fyrirframgreiðslunnar í október að fjárhæð 933.124.901 kr. nemur uppgjörsgreiðslan, sem fram fer í desember, samtals 311.105.099 kr.

Við tillögugerð að uppgjörsgreiðslu tekjujöfnunarframlaga til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að hækkaðri úthlutun framlaga 2013

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 29. nóvember sl. kom fram að eigið fé sjóðsins um síðustu áramót næmi 468 m.kr. Samþykkt var að leggja til að þar af mundu um 200,0 m.kr. renna til hækkunar á útgjaldajöfnunarframlögum ársins þannig að um 250,0 m.kr. væru eftir í sjóðnum. Í endurskoðaðri greiðsluáætlun 2013 er áætlað að óráðsafað fjármagn um áramót verði að fjárhæð 571,0 m.kr. Með tilvísun til þess sem að framan greinir er lagt til að útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins á árinu 2013 verði hækkuð úr 5.350,0 m.kr. í 6.100,0 m.kr. eða um 750,0 m.kr.

Tillaga að uppgjöri

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegum útgjaldajöfnunarframlögum til sveitarfélaga árið 2013, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Samkvæmt tillögunni er lagt til að á grundvelli A- hluta framlaganna verði úthlutað framlagi samtals fjárhæð 5.350.000.000 kr. Til ráðstöfunar í framlögin vegna skólaaksturs úr dreifbýli, sem tilheyrir B- hluta framlaganna, eru samtals 750.000.000 kr. Tillaga er gerð nú að uppgjöri framlaga að fjárhæð 575.000.000 kr. vegna skólaaksturs. Endanleg tillaga að úthlutun og uppgjöri útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins á árinu 2013 á grundvelli 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010 er samtals að fjárhæð 5.925.000.000 kr.

Helstu forsendur við uppgjör framlaganna eru eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2013.
- Upplýsingar um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2013.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2013.

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs skólaárið 2012 - 2013.
- Upplýsingar um fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember árin 2009 til 2011 og 1. janúar 2013 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2013 vegna tekjuskurðingar.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti tillögu til ráðherra að heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2013 að fjárhæð 6.100.000.000 kr. þar af 750.000.000 kr. vegna skólaaksturs.

Við tillögugerð að uppgjörsgreiðslu til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

Viðbótarframlög vegna skólaaksturs

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu yfirlit yfir framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B - hlutar 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010 sem nema samtals allt að 750,0 m.kr. á árinu 2013. Til úthlutunar komu 575,0 m.kr. sem greiddar voru mánaðarlega á árinu með jöfnum greiðslum og allt að 175,0 m. kr. á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr. b-lið 3. gr. vinnureglna frá 11. desember 2012, vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2013.

Helstu forsendur við útreikning viðbótarframlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2013 eru:

- Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2013 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi
- Skurðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2013
- Með breytingu á vinnureglum um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs er Akureyrarkaupstað nú heimilt að sækja um framlag vegna skólagöngu nemenda úr Grímsey er stunda nám í efri bekkjum grunnskólans á Akureyri, sbr. heimildarákvæði við b-lið 3. gr. vinnureglnanna frá 11. desember 2012.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að úthlutun viðbótarframlaga vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2013 næmi samtals 171.242.117 kr.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

ÖNNUR FRAMLÖG

Framlög vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla

Á grundvelli 2. töluliðar 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla umfram þær tekjur sem sveitarfélögum voru tryggðar með hækkðu útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði í kjölfar yfurfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996.

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu eftirtaldar umsóknir vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2012:

- Umsókn Breiðdalshrepps, dags. 18. september 2013
- Umsókn Árneshrepps, dags. 26. september 2013.

Fyrir liggja endanlegir útsvarstofnar sveitarfélaga fyrir árið 2012, sem tekið er mið af við útreikning mögulegs framlags.

Á grundvelli viðmiðunarreglna og uppgefins launakostnaðar hjá Grunnskóla Breiðdalshrepps eru tekjur sveitarfélagsins vegna yfirfærslu grunnskólans og framlög Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslunnar á árinu 2012 hærri en uppreiknaður launakostnaður. Samkvæmt reglum uppfyllir Breiðdalshreppur ekki skilyrði til framlags sbr. 2. tl. 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að umsókn Breiðdalshrepps um framlag á grundvelli 8. gr. reglugerðar nr. 352/2002 vegna fjárhagsársins 2012 væri hafnað.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að umsókn Árneshrepps um framlag vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2012 væri tekin til greina. Á grundvelli viðmiðunarreglna sjóðsins nemur útreiknað framlag 2.678.365 kr.

Spegluð kennsla

Í bréfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 1. nóvember 2013, til Keilis er greint frá samþykktri tillögu ráðgjafarnefndar um aðkomu sjóðsins hvað varðar kostnað við að koma á fót gagnagrunni fyrir speglaða kennslu. Í bréfinu kemur fram að framlagi að fjárhæð 3,0 m.kr. sé úthlutað með þeim fyrirvara að mennta- og menningarmálaráðuneytið og tilgreind sveitarfélög séu þátttakendur í verkefninu og gerður sé samningur milli aðila þar um.

Lagður var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tölvupóstur frá framkvæmdastjóra Keilis, dags. 8. nóvember sl., þar sem framlagið er þakkað og lýst mikilvægi þess fyrir verkefnið. Fram kemur að ekki hafi verið gerðir formlegir samningar milli aðila um verkefnið og það talið geta staðið því fyrir þrifum. Með tilvísun til þessa þarf að ákveða hvort nefndin vilji standa við úthlutun framlagsins þó samningur við aðila liggi ekki fyrir.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að fallið yrði frá þeim fyrirvara sem settur var við úthlutun framlagsins að fjárhæð allt að 3,0 m.kr. og fram kom í bréfi Jöfnunarsjóðs til Keilis, dags. 1. nóvember 2013. Framlagið kemur til greiðslu þegar fyrir liggur staðfesting á áföllnum kostnaði vegna þess hluta verkefnisins sem framlagi sjóðsins er ætlað að brúa.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN UM ÚTHLUTUN ALMENNRA FRAMLAGA 2013

Undirrituð lokadrög lögð fram til kynningar

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að áætlaðri úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 eftir að tekið hafði verið tillit til 17 nýrra SIS mata sem framkvæmd voru á einstaklingum í október og nóvember sl. Jafnframt hafði verið tekið tillit til endanlegs útsvarsstofns sveitarfélaga á árinu 2012 með launabreytingum á árinu 2013.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð tillaga að áætlaðri úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 næmi 9.808,0 m.kr.

NÝ REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014

Ný drög að reglugerðinni voru lögð fram til kynningar en frekari umræðu um þau var frestað til næsta fundar nefndarinnar enda væri þá búið að afmarka sérstaklega þær breytingar sem gerðar hefðu verið á reglugerðinni frá fyrra ári.

Upplýsingaöflun vegna framlaga 2014

Umræðu var frestað til næsta fundar.

BREYTINGAKOSTNAÐUR

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. desember 2013.

Í erindinu kemur fram að Samband íslenskra sveitarfélaga sé að skipuleggja upplýsinga- og umræðufund sem verður haldinn 14. febrúar 2014 og er yfirskrift fundarins *Staðan á yfirfærslunni með sérstöku tilliti til fasteigna og búsetu*.

Um er að ræða upplýsinga- og umræðufund þar sem markmiðið er einkum að fara yfir stöðuna í endurmati á fjárhagslegum og faglegum forsendum yfirfærslunnar og undirstrika nauðsyn þess að þjónustusvæði og sveitarfélög geri áætlanir um uppbyggingu í fasteignamálum og búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk. Óskað er eftir að kostnaður við fundinn verði greiddur af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af liðnum breytingakostnaður.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að beiðni Sambandsins um aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna fundarins væri samþykkt og lagði nefndin jafnframt til að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð allt að 300.000 kr. sem kæmi til greiðslu af liðnum breytingakostnaður.

Ekki reyndist unnt að taka eftirfarandi liði í dagskrá fundarins til umfjöllunar og var þeim frestað til næsta fundar nefndarinnar:

- SIS matið
- Sumarbúðir í Reykjadal og Klettaskóla
- Framlög til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins.

ÖNNUR MÁL

Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Viðbótarframlag til Bjargs

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. september sl. var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hjálpræðishersins vegna Vistheimilisins Bjargs, dags. 19. september 2013. Í erindinu er gerð grein fyrir erfiðri fjárhagsstöðu vistheimilisins og óskað eftir auka fjárveitingu úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.

Fram kom að ekki væri til staðar heimild hjá Jöfnunarsjóði til greiðslu framlags til reksturs heimilisins umfram það sem fram kæmi í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011 sem nú hefði fallið úr gildi.

Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að erindinu vegna Vistheimilisins Bjargs væri vísað til velferðarráðuneytisins þar sem málefni heimilisins voru vistuð áður en samkomulagið um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga tók gildi.

Lagt er fram til kynningar bréf velferðarráðuneytisins, dags. 3. desember 2013. Þar kemur fram að félags- og húsnæðismálaráðherra hafi ákveðið að veita Hjálpræðishernum, vegna vistheimilisins Bjargs, rekstrarstyrk að fjárhæð 1,0 m.kr.

Skorradalshreppur

Úttekt á rekstri – Aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Skorradalshrepps, dags. 3. desember 2013, þar sem óskað er eftir fjárstuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að mæta kostnaði við ráðgjafar- og greiningarvinnu sem nauðsynlegt væri að ráðast í vegna erfiðleika við fjármögnun venjubundinna og lögbundinna verkefna sveitarfélagsins í kjölfar setningar reglugerðar nr. 1226/2012. Í reglugerðinni er kveðið á um að jöfnunarframlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50%

umfram landsmeðaltal, þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, skuli falla niður.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Skorradalshrepps væri tekið til greina með því að greiða allt að 500.000 kr. vegna kostnaðar við framangreind ráðgjafar- og greiningarvinnu.

Lagt var til að næsti fundur ráðgjafarnefndar væri 19. desember nk. og hæfist kl. 14:00

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:00.

Halldór V. Kristjánsson